



435. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, miðvikudaginn 11. apríl 2018 kl. 11:30. Mættir til fundarins voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Oddný Harðardóttir, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon.

Fundinn sátu einnig Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður, Guðmundur Hannesson ráðgjafi, Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Stefnumótunarvinna og skipulag heimsóknar

Þingvallanefnd hyggur á ferð til Þingvalla í skipulags- og vinnuferð sumardaginn fyrsta, þann 19. apríl. Farið verður frá Alþingishúsinu kl. 9 og er heimkoma áætluð kl. 13.

Lagt var fram minnisblað frá Árna Geirssyni í Alta um endurskoðuð málefni í stefnumótun þjóðgarðsins.

2. Framkvæmdir í þjóðgarðinum á Þingvöllum

Stækkun á gestastofu á Haki gengur vel. Í nýbyggingunni verður móttöku- og sýningarrými fyrir gesti þjóðgarðsins ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk.

Miklar framkvæmdir eru einnig í gangi umhverfis gestastofuna, en farið var í gerð bílastæðis vestan við gestastofuna síðasta haust.

Þjóðgarðinum var úthlutað fé frá Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Verkefnaáætlunin gildir á árunum 2018-2020. Fé var veitt í þessi verkefni;

Þinghelgi:

Deiliskipulagsgerð fyrir svæðið frá Hakinu niður að þjónustumiðstöð að Leirum
Endurbygging göngupalls að Öxarárfossi
Gönguleið úr Stekkjargjá, tenging við Vallarkrók
Styrking og uppbygging göngustíga í sunnanverðri þinghelgi
Vallarkrókur, aðkoma og gönguleiðir

Þingvallahraun:

Bílastæði við Davíðsgjá í Þingvallahrauni
Uppbygging stígakerfis í Þingvallahrauni, malarstígar

Gjábakkavegur: Stöðvunarkrafa var lögð fram á framkvæmdina og ákvörðunin kærð. Verið er að vinna að úrlausn mála hjá Vegagerðinni.

Vegurinn er mjög illa farinn. Ef ekki verður farið í viðhald vegsins í sumar, þarf að taka ákvörðun um umferð um hann í sumar.

3. Silfra

Gestir: Guðmundur Hannesson ráðgjafi og Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri Silfru

Umræður um skiplagsmál og stjórnun við Silfru.

Takmörkuð auðlind, en á síðasta ári fóru rúmlega 56 þúsund gestir ofan í Silfru.

Umræðum verður haldið áfram síðar.

4. Breytingar á gjaldskrá

Umræðum frestað.

5. Forkaupsréttur, sumarhús

Forkaupsréttur að Valhallarstíg Syðri nr. 18.

Bústaður staðsettur við vatnsbakka og er í fasteignalýsingu metinn ónýtur.

Þingvallanefnd lýsir yfir áhuga sínum á að nýta forkaupsrétt að Vallhallarstíg Syðri nr. 18. Jafnframt leitar nefndin eftir afstöðu ráðuneytisins til fjármögnunar vegna nýtingar forkaupsréttarins.

6. Kynning á kostnaðargreiningu og upplýsingum frá Náttúrufræðistofu Kópavogs, vegna vöktunar í Þingvallavatni.

Erindi frestað.

7. Önnur mál

Kárastaðir

Frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.